

## Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

MAÍ 2020

13,4%  
hrein raunávöxtun



## Gott ár að baki

Afkoma á árinu 2019 var afar góð og ein sú besta í sögu LSR

Nafnávöxtun sjóðsins var 16,6% sem svarar til 13,4% hreinnar raunávöxtunar. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu fimm og tíu ára var 5,6%. Heildar eignir LSR voru 1.017,5 milljarðar króna í árslok 2019 og fjárfestingartekjur ársins námu tæpum 145 milljörðum króna. Fjárfestingarleiðir Séreignar skiluðu góðri ávöxtun á árinu. Nafnávöxtun var 21,3% í Leið I, 15,3% í Leið II og 4,4% í Leið III.

Miklar hækkningar voru á hlutabréfamörkuðum heimsins á árinu 2019, þó mismikið eftir heimshlutum og hækkandi heimsvísitala hlutabréfa (MSCI) um tæp 33% í krónum talið. Innlend hlutabréf skiluðu jafnframt góðri ávöxtun og hækkandi OMXIGI hlutabréfavísitalan um tæp 28% á árinu.

Ávöxtun á skuldabréfamarkaði var góð og lækkandi vaxtastig leiddi til verðhækkana bæði á verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfamarkaði. Vextir hérlendis eru nú í sögulegu lágmarki og mældist verðbólga 2,0% á árinu.

Verðbréfamarkaðir hafa lækkað það sem af er árinu 2020 vegna útbreiðslu COVID-19-faraldursins. Þess má vænta að áhrif á verðbréfaeign sjóðsins verði nokkur en óvissa ríkir um hversu lengi þetta ástand muni vara. Væntingar eru þó um að staða á verðbréfamörkuðum muni batna þegar horft er til lengri tíma.

## LSR fagnaði 100 árum



LSR er elsti lífeyrissjóður landsins en sjóðurinn fagnaði 100 ára afmæli þann 28. nóvember 2019. Í tilefni dagsins bauð LSR til morgunverðarfundar á Hilton Reykjavík Nordica þar sem um 300 manns mættu og hlýddu á áhuga-verð erindi frá Unni Pétursdóttur stjórnarformanni LSR, Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra, Hörpu Jónsdóttur

framkvæmdastjóra LSR og Philip Ripman, sjóðstjóra hjá Storebrand í Noregi. Í lok fundarins stjórnaði Brynja Þorgeirsdóttir fjölmiðlakona líflegum pallborðsumræðum með yfirskriftinni *Mikilvægi samtryggingar í nútímasamfélagi* þar sem rætt var um lífeyrismál frá mörgum hliðum. Þátttakendur voru Anna Björk Sigurðardóttir, sérfræðingur í lífeyrismálum hjá LSR, Bergur Ebbi Benediktsson rithöfundur, Gunnar Baldvinsson, höfundur bóka um fjármál einstaklinga og Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Á vef LSR má finna samantekt frá morgunverðarfundinum ásamt myndum auk þess sem þar er aðgengileg upptaka frá fundinum í heild sinni.



## Stafrænar lausnir LSR

Á **Mínum síðum** á vef LSR geta sjóðfélagar nú nálgast stafrænar umsóknir og eyðublöð í A-deild, B-deild og Séreign og sent til sjóðsins með þægilegum hætti. Flestar umsóknir kalla á rafræna undirritun og þá er notast við rafræn skilríki í síma.

Sjóðurinn hefur einnig tekið í notkun sjálfvirk greiðslumat í samstarfi við Creditinfo. Með því hefur LSR aukið sjálfvirkni lánsúmsókna til muna. Ferlið er einfalt í notkun og fljótlegt. Rafræn skilríki í síma eru nauðsynleg við framkvæmdina.

Þá tók LSR nýverið upp bókunarkerfi þar sem sjóðfélagar geta bókað símaviðtal hjá þjónusturáðgjafa á einfaldan og fljótlegan máta. Bókunarkerfið er að finna á vef LSR og á **Mínum síðum** og getur sjóðfélagi valið á milli þess að bóka hefðbundið viðtal í síma eða fjarfund í gegnum Microsoft Teams.

LSR hvetur sjóðfélaga sína eindregið til að nýta stafrænar lausnir í samskiptum við sjóðinn.

Stefnt er á áframhaldandi þróun stafrænna lausna með það markmið að bæta enn frekar þjónustu við sjóðfélaga.

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2019

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Iðgjöld	32.805	1.853	1.099	35.758
Lífeyrishækkunir	0	20.448	0	20.448
Uppgreiðslur og innborganir vegna skuldb.	0	8.189	0	8.189
Lífeyrir	(9.215)	(53.359)	(599)	(63.172)
Hreinar fjárfestingartekjur	99.562	43.077	2.183	144.821
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(728)	(560)	(13)	(1.301)
Hækkun á hreinni eign á árinu	122.424	19.648	2.671	144.743
Hrein eign frá fyrra ári	607.067	248.892	16.820	872.779
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok</b>	<b>729.491</b>	<b>268.540</b>	<b>19.490</b>	<b>1.017.521</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

## Efnahagsreikningur 31.12.2019

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Innlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	97.094	40.453	5.755	143.302
Erlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	226.796	97.323	4.039	328.158
Ríkisskuldabréf	178.485	59.761	707	238.953
Útlán til sjóðfélaga	109.152	24.957	0	134.109
Önnur skuldabréf	97.842	29.930	284	128.057
Bankainnstæður	17.791	17.358	8.712	43.861
Kröfur á launagreiðendur og aðrar eignir	2.921	442	18	3.381
Skuldir	(590)	(1.684)	(25)	(2.299)
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok</b>	<b>729.491</b>	<b>268.540</b>	<b>19.490</b>	<b>1.017.521</b>

Fjárhæðir í milljónum króna

## Kennitölur 2019

	A-deild	B-deild	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III	Samtals
Nafnávöxtun	16,1%	18,2%	21,3%	15,3%	4,4%	16,6%
Hrein raunávöxtun	13,0%	14,8%	18,1%	12,3%	1,6%	13,4%
5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	5,8%	5,5%	5,7%	4,8%	2,0%	5,6%
10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	5,4%	5,9%	6,0%	5,6%	2,2%	5,6%
Verðbræfaeign í íslenskum krónum	65,7%	59,1%	55,7%	75,8%	100,0%	63,9%
Verðbræfaeign í erlendum gjaldmiðlum	34,3%	40,9%	44,3%	24,2%	0,0%	36,1%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	27.330	1.795	944	611	1.448	32.128
Meðalfjöldi lífeyrisþega	8.140	17.120	46	28	139	25.472
Skrifst. og stjórnunarkostn. í % af meðalstöðu eigna	0,11%	0,22%	0,08%	0,08%	0,06%	0,14%


## Lífeyrisskuldbindingar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2019

	A-deild
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	110.059
Hrein eign í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	19,1%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	(32.067)
Hrein eign í hlutfalli af heildarskuldbindingum	-2,9%

Fjárhæðir í milljónum króna


## Hrein eign til greiðslu lífeyris

í milljónum króna




## Lífeyrisgreiðslur

í milljónum króna



## Verðbræfaeign



## Stjórn LSR

Gunnar Björnsson formaður  
 Árni Stefán Jónsson varaformaður  
 Áslaug María Friðriksdóttir  
 Guðrún Ögmundsdóttir  
 Ragnar Þór Pétursson  
 Unnur Pétursdóttir  
 Viðar Helgason  
 Þórveig Þormóðsdóttir

## Framkvæmdastjóri LSR

Harpa Jónsdóttir